



Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd

33. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn þriðjudaginn 18. maí 2021. Fundur var settur kl. 16:00.

Mættir voru: Josteinn Hermundsson formaður, Hallsteinn Stefánsson (í fjarfundarsambandi) Kristján Úlfarsson, og Jónas Egilsson sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði. Hann spurði hvort athugasemd væri gerð væri við fundarboð. Svo var ekki og var gengið til dagskrár.

Fundargerð

1. N1 skálinn Þórshöfn – umsókn um stækkun

Lögð fram teikning, aðal-og brunavarnaruppdráttur, með lýsingu á stækkun N1 skálans, að Fjarðarvegi 2, Þórshöfn frá Verkhofi ehf., dags. 26. apríl 20121. Um er að ræða 45m2 stækkun á verslunarhúsi til suðurs. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,12 eftir stækkun

Bókun um afgreiðslu: Skipulags- og umhverfisnefnd fellst á fyrirhugaða stækkun fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

2. Langanesvegur 1, breytinga á innra skipulagi – umsókn

Lögð fram byggingarleyfisumsókn, ásamt teikningum, frá Faglausn ehf. f.h. Ísfélags Vestmannaeyja vegna breytinga á innra skipulagi á skrifstofu á 2. hæð. Fasteignanúmer er F2167836 matshluta 01 0101. Umsókn felur í sér breytingu á skrifstofurými í herbergi og stofu. Sameiginlegur inngangur verður með skrifstofu á 1. hæð.

Bókun um afgreiðslu: Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar, að því tilskyldu að þær uppfylli allar kvaðir og reglur um eld- og brunavarnir og byggingarskilmála.

Samþykkt samhljóða.

3. Umsókn um lóð og beutiland

Lögð fram umsókn frá Reyni Atla Jónssyni um lóð undir hesthús á svæði sem deiliskipulagt hefur verið sem hesthúsasvæði á deiliskipulagi dags. 11. júní 2019 (fskj. 1) og aðgang að nærliggjandi beutilandi (fskj. 3). Einnig er sótt um tímabundin afnot á hesthúsi á svæðinu sem er í eigu sveitarfélagsins (fskj. 2).



Bókun um afgreiðslu: Skipulags-og umhverfisnefnd samþykkir að mæla með úthlutun lóðar fyrir hesthús til framtíðar (fskj. 1) og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðasamningi þar að lútandi.

Nefndin mælir einnig með því að umsækjanda verði leigt umbeðið hesthús, frá og með 1. júní 2021, til tveggja ára hið mesta, gegn því að húsið verði rífið og leifar þess fjarlægðar af staðnum áður en leigutími rennur úr, þ.e. í lok júní 2023. Með leigu á húsinu fylgi leiga á landi til beitar sbr. fskj. 2.

Enn fremur er samþykkt að mæla með að umsækjanda verði leigt land skv. fskj. 3 til tveggja ára, frá og með 1. júní nk. eða þar til að byggingarframkvæmdir hefjast á umræddu svæði skv. deiliskipulagi. Undanskilið er land sem er ræktað og hirt alls um 2 ha. á mynd á framlögðu fskj. 3.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

- i) Lagt fram til kynningar frá Lyngholti ehf., hugmynd að íbúðum samansettar úr gámaeiningum. Með erindinu fylgdi ósk um ábendingu um mögulega staðsetningu á svona íbúðum á Þórshöfn.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjanda um útlit o.fl. atriði varðandi staðsetningu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:38.